

5. nóvember 2009

I. fundur Skólaráðs Grunnskóla Grindavíkur 2009-10.

Undirritaðir nefndarmenn sitja fundinn.

1. Félagsstarf nemenda.

Farið var yfir félagsstarf nemenda. Lítið hefur safnast vegna ferða 10. bekkjar í vor og hafa nemendur áhyggjur af því. Skólastjóri ætlar að skoða þetta mál og tala við umsjónarkennara. Að öðru leyti gengur félagsstarf vel og er undirbúningur bæði fyrir jólaball og árhátíð hafinn. Mikil ánægja er með fyrirkomulag undankeppninnar fyrir Skólahreysti.

Skólastjóri kynnti þemadaga fyrir nefndarmönnum og fjallaði um hlutverk unglingsstigs í þeim.

2. Fjárhagsáætlun 2010

Skólastjóri talaði um hve heppin við værum vegna þess hve bæjaryfirvöld stæðu vel að skólanum. Áætlun verður endurskoðuð í júní vegna breytinga varðandi Hópsskóla um áramót.

3. Bókun frá forvarnarteymi Grindavíkur.

Bókun barst frá forvarnarteymi Grindavíkur þar sem það lýsti furðu sinni á tímasetningu á lokum skólaballs. Ákveðið var að skólinn héldi sínu striki varðandi tímasetningu og foreldrar sæktu áfram börn sín að balli loknu.

4. Önnur mál

Skólastjóri fór yfir hlutverk skólaráðs vegna nýrra nefndarmanna. Var ákveðið að haldnir yrðu 2 fundir fyrir júl og 2 fundir eftir júl.